

---

## Notendaleiðbeiningar Rúmgálgi frá Handicare

*Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar áður en varan er tekin í notkun.*

### Tilgangur

Gálginn er hannaður til að aðstoða notanda við að reisa sig úr liggjandi stöðu í sitjandi stöðu með því að toga sig upp með bandinu eða nota þríhyrnda handfangið.

### Uppsetning

Setjið rörin saman eins og fram kemur á myndinni.

Setjið bandið á milli haldanna efst á rammanum.

Setjið fætur gálgans undir rúmið.

### Þrif


Notið hefðbundin hreinsiefni án ætandi efna.

Notið rakan klút og þurrkið yfir með þurrum hreinum klút.

Notið EKKI klór eða sterk efni.

### Athugið

- Notið gálgann eingöngu eins og fram kemur í liðnum “tilgangur” hér að ofan
- Gálgann má eingöngu nota fyrir einstaklinga sem eru eldri en 12 ára.
- Gangið úr skugga um að hjólin sem eru á rúminu sem nota á með gálganum séu í læstri stöðu.
- Athugið að gálginn sé rétt samsettur fyrir notkun.
- Athugið að bandið sé tryggilega fest í festingunni að ofan.
- Gálgann má eingöngu nota á jöfnu undirlagi.



Stoð hf  
Trönuhraun 8, 220 Hafnarfjörður  
Sími 565-2885 [www.stod.is](http://www.stod.is)

---